

Stjórnarfundur Leiðsagnar 28.05.2021 klukkan 10:00.

Átjándi fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn föstudaginn 28. apríl klukkan 10:00. Fundinn sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Grímur Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

Fundargerðir síðustu tveggja funda. Samþykktar með lítilsháttar breytingum á orðalagi.
Undirbúningur aðalfundar.

Salur. Fundarsalur eldri borgara staðfestur. Skoða hann í næstu viku og fara sérstaklega yfir tæknimál.

Veitingar. Leitað til Sóma. Reiknað með 50 manns og áætlaður kostnaður er um 50 þúsund sem er umtalsvert lægra en í fyrra. Bitamatur. Sóttvarnir verði hávegum hafðar, spritt og hanskar fyrir þau sem vilja.

Net. Tæknimaður þarf að sjá um það og bera ábyrgð á því.

Fundarstjóri verður Ólafur Karl Eyjólfsson, lögfræðingur. Aðrir starfsmenn eru aðstoðarmaður fundarstjóra sem sér um Zoom. Best að tala við Jakob Tryggvason sem getur bent á tæknimann. Spurning um að leita til ASÍ með ritara? Hafa fundarsköpin klárari og skýrari en verið hefur til að umræður verði markvissari.

Nokkrar ábendingar borist félaginu um að leiðsögumönnum sé boðið að vera verktaki en ekki launþegi og birtist grein eftir formanninn og formann kjaranefndar um það mál í Fréttablaðinu í dag. Mun verri kjör og óöryggi. Fylgja þessu eftir með grein/ályktun frá ASÍ. Hugsanlega verða viðbrögð í fjölmiðlum og þá tekur Vilborg varaformaður það. PG og FR saman tillögu að bréfi til Drífu Snædal, forseta ASÍ, um þetta mál og senda henni eftir helgi.

Fundi slitið klukkan 11:30. Næsti fundur fimmtudaginn 3. júní kl. 10:00.